

Thatcher kennir sósíalistum

Einhver merkasti stjórnmálamaður síðustu aldar var Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Smáfuglarnir hafa æ oftast hugsað til hennar í þeim erfiðleikum sem við Íslendingar glímum við. Sterkur leiðtogi með skýra framtíðarsýn er okkur nauðsynleg. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra veit lítið um hvað snýr upp og hvað niður og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra glímur við klofning í VG auk þess að mestur tími hans fer í að verja sinn gamla læriföður í pólitík, Svavar Gestsson. Reikninginn fyrir þeirri vörn ætlar Steingrímur J. að senda til skattgreiðenda.

[<http://www.youtube.com/watch?v=okHGCz6xxiw>] Smáfuglarnir birta hér myndband þar sem Thatcher tekur sósíalista á breska þinginu í kennslustund. Jóhanna og Steingrímur J. gætu kannski lært eitthvað.